

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um upplýsingafulltrúa og samskiptastjóra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi í ráðuneytinu? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurliðað í laun og annan kostnað?
2. Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi hjá undirstofnunum ráðuneytisins? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður hvernar stofnunar síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurliðað í laun og annan kostnað?

1.

Já, í ráðuneytinu er starfandi upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar. Upplýsingafulltrúinn hefur stöðu aðstoðarmanns ráðherra en um laun og starfskjör aðstoðarmanna fer samkvæmt kjörum skrifstofustjóra, sbr. 2. og 3. mgr. 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. Þá var starfandi sérfræðingur í ráðuneytinu sem sinnti að hluta til upplýsingamálum ráðuneytisins á árinu 2020, ásamt öðrum verkefnum, m.a. á sviði jafnréttismála. Í ráðuneytinu koma að auki fjölmargir aðrir starfsmenn að gerð og miðlun upplýsinga til almennings og fjölmiðla, allt eftir efni þeirra verkefna sem unnið er að hverju sinni. Í öllum tilvikum er slík aðkoma starfsmanns þó einungis hluti af því starfi sem viðkomandi sinnir. Vegna þess hversu samþætt vinna við efnisgerð og miðlun upplýsinga er annarri vinnu starfsmanna liggja ekki fyrir sundurgreindar upplýsingar um það hver heildarkostnaður er vegna þessara verkefna sérstaklega.

Eftirfarandi tafla sýnir kostnað vegna launa og launatengdra gjalda vegna starfa upplýsingafulltrúa ríkisstjórnar á tímabilinu 1. nóvember 2010 til 1. nóvember 2020, þ.m.t. greidd biðlaun vegna starfsloka upplýsingafulltrúa ríkisstjórnar á tímabilinu, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Annar kostnaður vegna starfa starfsmanna er almennt ekki aðgreindur niður á einstaka starfsmenn í bókhaldi ráðuneytisins, svo sem kostnaður vegna vinnuástöðu, tölvubúnaðar o.fl.

Upplýsingafulltrúi ríkisstjórnar	
Ár	Launakostnaður
2020	19.897.902
2019	19.512.234
2018	22.587.515
2017	25.191.829
2016	17.328.781
2015	14.530.411
2014	13.424.668
2013	12.998.598

2012	11.666.204
2011	0
2010	0

2.

Við vinnslu svarsins var óskað eftir upplýsingum frá þeim stofnunum sem heyra stjórnar-
farslega undir forsætisráðuneytið samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna
í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018. Einungis ein stofnun, Seðlabanki Íslands, er með starf-
andi upplýsingafulltrúa/samskiptastjóra og byggist eftirfarandi svar á upplýsingum sem ráðu-
neytið aflaði hjá bankanum.

Hjá Seðlabanka Íslands starfa tveir starfsmenn sem gegna hlutverki upplýsingafull-
trúa/samskiptastjóra, þ.e. sinna ytri samskiptum bankans. Annar þeirra starfaði hjá Fjármála-
eftirlitinu fram að sameiningu þess við Seðlabanka Íslands 1. janúar sl. Árlegur heildarkostn-
aður launa vegna starfa fyrrnefndra starfsmanna á tímabilinu var eftirfarandi:

Seðlabanki Íslands	
Ár	Launakostnaður
2020	30.778.839
2019	18.405.488
2018	18.139.680
2017	16.101.602
2016	14.646.388
2015	13.791.320
2014	13.071.146
2013	12.080.250
2012	11.700.000
2011	11.059.168
2010	1.843.195